Hekla í hjörtum okkar



Of langsótt?

„Sem fulltrúi hins „venjulega áhorfanda“ mundi ég kannski setja út á umfang sýningarinnar. Kortamyndir hefði mátt skera niður, sömuleiðis eitthvað af ljósmyndunum, ekki einasta af Heklu sjálfri, heldur líka ýmsu „ítarefni“. Er ekki einum of langsótt að hengja upp flennistórar myndir af „Yngstu kynslóðinni“, bara vegna þess að þær snúa baki í blámann, þ.e. náttúruna?“

Í kjölfar póstmódernismans hafa ýmis kenningakerfi og kreddur farið halloka fyrir nýjum afstæðiskenningum, þar sem margbrotin og ósamstæð sýn á veruleikann kemur í stað hinna viðurkenndu og „kórréttu“ viðhorfa. Í umfjöllun um aðskiljanleg viðfangsefni og sjónarmið forðast menn í auknum mæli að steypa saman þessum mörgu

Myndlist

„brotum“ heldur er þeim öllum gefið svipað vægi, svo lesandi/skoðandi fái metið þau eftir eigin höfði. Þetta á ekki síst við um bókmenntaumræðu og umfjöllun um myndlist á Vesturlöndum. Margradda bækur Guðmundar Páls Ólafssonar um íslenska náttúru eru trúlega af þessum meiði, þótt höfundur fari hvergi leynt með eigin skoðanir. Sama má kannski segja um Njálupælingar Jóns Karls Helgasonar, sem nú eru komnar út á bók. Og nú hefur þessi aðferðafræði ratað inn í íslenskar sjónlistir, góðu heilli, en þar var þrúgandi vanafestan á góðri leið með að gera mann afhuga myndlistarsýningum. Einar Garibaldi Eiríksson myndlistarmaður á töluverðan þátt í að innleiða þessa „heildrænu“ sýn á íslenska myndlist, sjá vekjandi samantekt hans um Kjarval og ímynd hans í íslensku þjóðfélagi sem sett var upp á Kjarvalsstöðum fyrir nokkrum misserum.

Landafræði áhorfsins

Nú fylgir Einar því verkefni eftir með enn yfirgripsmeiri sýningu að Kjarvalsstöðum, í þetta sinn um Heklu, fjallið, ímynd þess fyrr og nú, og um það sem hann sjálfur kallar „landafræði áhorfsins“ í allra víðasta skilningi. Einar vill beina sjónum okkar sérstaklega að því myndmáli sem notað er til að fjalla um Heklu – og íslenskt landslag almennt – og þýðingu þessa myndmáls fyrir listamanninn sjálfan og myndlistina í landinu. Honum er líka mikið í mun að „afhjúpa dulúðina sem löngum hefur viljað loða við listaverk, til að geta tileinkað okkur þá þekkingu sem þau miðla okkur“. Máli sínu til stuðnings leggur hann ekki einasta fram helstu málverk íslenskra og erlendra listamanna af Heklu, heldur einnig gömul landakort og vatnslitamyndir af fjallinu, uppdrætti jarðfræðinga, ljósmyndir, sjónvarpsupptökur, útvarpsupptökur, frímerki, auglýsingaefni, söluvöru sem nefnd er eftir fjallinu og ýmislegt fleira. Sýningin er því allt í senn, fjölbreytt veisla fyrir augað, pedagógísk sýnikennsla og skeleggt innlegg í umræðuna um þjóðrækni og „þjóðhagslega hagkvæma“ nýtingu landslagsins.

Margt er þarna um áhugaverð verk, þau eru fallega uppsett og verða örugglega fleirum en mér tilefni til margvíslegra heilabrota. Sýningarskrá er sömuleiðis þénug, þótt hún hefði mátt vera stásslegri.

Með bakið í blámann

Ég er í stórum dráttum sammála þeim viðhorfum sem hér eru viðruð; vil þó setja spurningarmerki við tvo þætti. Sem fulltrúi hins „venjulega áhorfanda“ mundi ég kannski setja út á umfang sýningarinnar. Kortamyndir hefði mátt skera niður, sömuleiðis eitthvað af ljósmyndunum, ekki einasta af Heklu sjálfri, heldur líka af ýmsu „ítarefni“. Er ekki einum of langsótt að hengja upp flennistórar myndir af „yngstu kynslóðinni“, bara vegna þess að þær snúa baki í blámann, þ.e. náttúruna? Að auki tel ég að varla sé réttlætanlegt að birta ljósmynd af einu málverka Svavars Guðnasonar, jafnvel þótt það heiti „Hágöngur“; nöfnin sem hann gaf verkum sínum voru oftast nær tilviljunum háð og sprottin úr frjóu hugskoti hans sjálfs fremur en náttúrunni.


Annað er það að sem sérstakur áhugamaður um náttúrusýn íslenskra myndlistarmanna fannst mér Einar kannski ekki vera nógu meðvitaður um bókmenntalega eða frásagnarlega merkingu þeirra landslagsmynda sem hann er með undir, þ. á m. myndanna af Heklu. Fjallið Hekla, ekki síst bókmenntalegur tilbúningur, goðsögn um helvíti á jörð sem verður til í miðaldatextum; það er ekki síst sú goðsögn sem kortagerðamenn eru að lýsa í mynd og útlendingar koma til að skoða á 18. og 19. öld. Fyrstu landslagsmyndir okkar Íslendinga, þ. á m. myndirnar af Heklu, eru myndræn tilbrigði um rómantíska skáldskap. Og tilgangur – merking – þessara rómantísku landslagslýsinga er ekki síst að árétta boðskap á borð við: Hver á sér fegra föðurland. Sá boðskapur var síðan notaður til að kynda undir föðurlandsástinni, þeirri þjóðernishyggju sem við þurfum nú að taka til endurskoðunar.

Aðalsteinn Ingólfsson



Þýðing myndmálsins

„Einar vill beina sjónum okkar sérstaklega að því myndmáli sem notað er til að fjalla um Heklu – og íslenskt landslag almennt – og þýðingu þessa myndmáls fyrir listamanninn sjálfan og myndlistina í landinu.



Allt í senn

„Sýningin er því allt í senn, fjölbreytt veisla fyrir augað, pedagógísk sýnikennsla og skeleggt innlegg í umræðuna um þjóðrækni og „þjóðhagslega hagkvæma“ nýtingu landslagsins.“

... mannsgaman

Að snúa við

Það er undarleg árátta að lesa, lesa hvað sem er, finna sig knúinn til að fara í gegnum hvaða skrif sem verða á vegi manns og telja sig betri mann á eftir. Svala þessari ótrúlega miklu þörf að stauta sig gegnum stafi lífsins.

Var um daginn að ganga niður Laugaveg á sæmilega heitum sumardegi eins og gerist þegar skýin eru köflótt uppi við festinguna. Hafði ekki mikið erindi og miklu fremur að ég væri að dóla mér en að gera gagn. Látlaus dagur, bílar í hægagangi og samfélagið að sumra uppi í kæruleysi.

Fann smám saman að líkast til hafði ég gengið fram hjá stóru veggspjaldi á gafli töskubúðar. Fann hvernig það hékk eftir, ólesið. Gott ef þar var ekki mynd og mikill texti. Hugsaði með mér hvort ég ætti að hægja ferðina og snúa við. Velti vöngum og var um skeið ekki viss. Vissi innst inni að ég var að missa af einhverju, ef til vill engu sérstöku, en altént einhverju sem ástæða hefur þótt að setja saman og prenta. Átti ég að láta mér fátt um finnast, eða átti forvitnin að ráða för? Átti ég eitthvert val?

Fimmtíu metrum síðar gerðist það, rétt eins og gerist í lífi allra lesvirkra manna. Ég sneri við. Sporin léttust. Hugurinn vissi hvert hann stefndi. Fram undan ólesinn texti.

Fann hvernig ánægjan hríslaðist framan í kinnar og enni þegar ég gekk fyrir hornið og staðnæmdist við veggspjaldið. Las það upp til agna og horfði um stund á heildarmyndina þegar lestrinum lauk.

Gekk að svo búnu áfram, þess fullviss að ekkert hefði farið fram hjá mér. Þar með vissi ég eiginlega allt um tónleika kammersveitar sem löngu voru haldnir.

Vissi það þó. Og hélt fyrir hornið.

-SER



Gabríela fékk styrk Guðmundu

Yfir eitt þúsund manns voru viðstaddir opnun á yfirlitssýningu Errósafnsins í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í gærkvöld og hafa aldrei verið jafnmargir við einstaka opnun Listasafnsins frá opnun þess. Það var borgarstjóri Reykjavíkur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem opnaði sýninguna en við sama tækifæri fór fram afhending úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur, móðursystur Errós, en sjóðinn stofnaði Erró til minningar um frænku sína og er honum ætlað að efla og styrkja efnilegar listakonur. Framlag sjóðsins féll að þessu sinni í skaut listakonunni Gabríelu Friðriksdóttur og nemur upphæðin þrjú hundruð þúsund krónum. Gabríela hefur haldið margar einka- og samsýningar allt frá því hún lauk námi árið 1997.

Þetta er í fjórða sinn sem veitt er úr sjóðnum en fyrri styrkþegar eru Ólöf Nordal, Finna Birna Steinsson og Katrín Sigurðardóttir. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu borgarsjóðs Reykjavíkur en umsjón með honum hafa Reykjavíkurborg og Errósafn. Stjórn sjóðsins skipa forstöðumenn Listasafns Reykjavíkur, Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Íslands. Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur er formaður sjóðsstjórnar.

Ný Saga komin út

Saga, tímarit Sögufélags, 39. árgangur 2001, er komin út og er efni hennar fjölbreytt að vanda. Saga flytur að þessu sinni fimm ritgerðir, 23 ritdóma um 25 bækur, auk athugasemda og eftirmæla.

Sagnfræðilegar rannsóknir á mótun þjóðernisvitundar hafa aukist mjög á síðari árum og er fyrsta ritgerðin í Sögu athyglisvert framlag til þeirra. Nefnist hún „Hin karlmannlega raust og hinn hljóðláti máttur kvenna. Upphaf kórsöngs á Íslandi“ og er eftir Ingu Dóru Björnsdóttur. Í ritgerðinni rekur Inga Dóra sögu kórsöngs fram á 20. öld og leitast við að meta þátt hans í mótun samstöðu og ættjarðarástar.



Annað efni í Sögu er meðal annars ritgerð Lofts Guttormssonar, Ólafar Garðarsdóttur og Guðmundar Hálfdanarsonar um ungbarna- og barnadauða á Íslandi 1771–1950 þar sem fjallað er um „hættumikið en blóðlaust stríð“ þar sem hér á landi var landlægur mikill ungbarnadauði. Sigfús Haukur Andrésson fjallar um endurskoðun fríhöndlunarlaganna á árunum 1834–36, Margrét Gestsdóttir skrifar um sögukennslu í grunn- og framhaldsskólum í greininni „Aðför eða nauðsynleg endurnýjun? Sögukennsla í nýju ljósi“ og Hermann Pálsson skoðar í greininni „Á Örlygsstöðum. Grafist fyrir um eðli Íslendinga sögu“ frásagnarhátt Sturlu Þórðarsonar þar sem lýst er Örlygsstaðabardaga.

Ritstjórar Sögu eru Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Sigurður Ragnarsson.

Kristján og Carnegie

Kristján Guðmundsson er meðal þeirra listamanna sem valdir hafa verið á sýningu Carnegie Art Award í ARKEN



nútímalistasafninu í Kaupmannahöfn í nóvember. 119 listamenn voru tilnefndir af 30 sérfræðingum í norrænni samtímamálaralist frá Norðurlöndunum fimm. Dómnefnd, undir stjórn Lars Nittve frá Tate Modern, valdi 22 úr tilnefndum listamönnum sem þátttakendur á sýninguna í ár og velur auk þess verðlaunahafa úr hópi sýnenda. Með Nittve í nefndinni eru Gertrud Sandqvist, Tuula Arkio, Bera Nordal, Ásmund Thorkildsen og Pil Erik Tøjner. Sýning verður opnuð með verðlaunaafhendingu þann 4. nóvember.